

Reykjavík, nóvember 2011

**Umsögn frá Landspítala varðandi þingskjal 376-310. mál. 139. löggjafarþing 2010-2011, “Tillaga til þingsályktunar um staðgöngumæðrun”.
Flutningsmaður Ragnheiður Elín Árnadóttir og fleiri.**

Mörg alvarleg siðferðileg álitamál fylgja staðgöngumæðrun. Þau hafa þegar verið reifuð á opinberum vettvangi m.a. af Salvöru Nordal, siðfræðingi og Ástríði Stefánsdóttur, lækni og siðfræðing. Einnig hefur siðfræðiráð Læknafélags Íslands sent frá sér greinargerð um málið. Fram kemur að fjölmörg álitamál eru til staðar og búast má við að staðgöngumæðrun leiði til fleiri vandamála en því er ætlað að leysa.

Þó staðgöngumæðrun sé auðveld úrlausnar á tæknilegum grunni eru siðferðilegu og lagalegu sjónarmiðin flókin. Gæta þarf *hagsmuna konunnar* sem leggur til líkama sinn, einnig *hagsmuna barna hennar* sem hún á fyrir, *maka hennar og fjölskyldu*. *Hagsmunir barnsins* sem fæðist við þessar aðstæður þurfa að vera tryggðir og sérstaklega þarf að hafa í huga að upp geta komið óvænt veikindi eða fötlun barns sem ekki voru séð fyrir en óháð því þarf hagar barnsins að vera tryggður. Loks þarf að hafa í huga *hagsmuni konunnar/parsins* sem á að fá barnið afhent eftir fæðingu.

Velgjörð-hagnaður-mörkin. Staðgöngumæðrun má hugsa sér í velgjörðarskyni þar sem náinn ættingi eða vinkona gengur með barn sem velgjörð eða í hagnaðarskyni þar sem staðgöngumóðirinn gengur með barn fyrir aðra konu í ábataskyni. Miðað við þau siðferðilegu gildi sem uppi eru í íslensku þjóðfélagi má telja líklegt að mjög margir telji að staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni sé ásættanleg en staðgöngumæðrun í hagnaðarskyni sé ekki réttlætunleg. Reynsla annarra þjóða er að staðgöngumæðrun hefur tillhneigingu til að markaðsvæðast, þar sem verð myndast fyrir barn og verð fyrir aðgang að líkama konu. Einnig hafa mörkin sem dregin hafa verið þá tilhneigingu að færast til, þ.e. að það sem áður var talið “eðlilegt í velgjörðarskyni” verður ekki aðeins innan fjölskyldu eða fyrir konu án legs, heldur við aðstæður sem í upphafi voru taldar óhugsandi. Til dæmis ef kona er upptekin vegna vinnu eða vill ekki gangast undir þær líkamlegu breytingar sem fylgja þungun og hún hefur fjárráð til þess að kaupa sér staðgöngumóður. Við þessar aðstæður geta mörkin orðið óljós. Breyting á mörkum er þróun sem hefur gerst á öllum sviðum læknisfræðinnar þegar ný tækni kemur til sögunnar. Þetta á við bæði um líffæragjafir og glasafrjóvganir, þ.e. þegar tæknin er komin og aðgerð tekst vel þá færast æ fleiri yfir í þann hóp sem “þarf” á meðferð/aðgerð að halda þó svo upphaflega hafi úrræðið aðeins verið hugsað fyrir mjög takmarkaðan hóp. Þegar upp er komin sú staða að vel fjáð kona getur keypt sér þessa þjónustu verður mismunum eftir fjárhag.

Sjálfræði staðgöngumóður. Staðgöngumóðirinn setur sig ávallt í einhverja hættu við meðgönguna, meðgöngutengdir sjúkdómar koma upp t.d. er meðgöngueitrun algeng og hver meðganga setur mark sitt á konu til lengri eða skemmri tíma. Meðganga er ekki aðeins líkamlegt álag heldur einnig andlegt álag, ekki aðeins fyrir konuna en einnig fyrir nánustu fjölskyldu hennar. Verði staðgöngumæðrun leyfð getur það sett óeðlilegan

Þrýsting á nánustu fjölskyldu, t.d. á systur um að ganga með barn fyrir systur sína. Staðgöngumóðir er undir þrýstingi frá væntanlegum foreldrum sem biðja hana að haga sér í samræmi við þeirra óskir sem setur hömlur á líf hennar.

Aðgangur að þjónustu. Hverjir eiga að fá aðgang að staðgöngumóður? Ef gagnkynhneigð pör fá aðgang má búast við að aðrir þjóðfélagshópar sækji einnig um aðgang t.d. homma og lesbíupör. Ef lagaramminn hér verður mjög opinn má búast við að erlend pör sækji til Íslands í þessa þjónustu með tilheyrandi markaðsvæðinginu.

Horfa má til lagaramma þeirra landa sem leyft hafa staðgöngumæðrun, t.d. Bretlands, sem hafa leyft staðgöngumæðrun með takmörkunum og til Bandaríkja N-Ameríku, en þar gilda mismunandi reglur í einstökum fylkjum. Alvarleg vandamál hafa komið upp í tengslum við staðgöngumæðrun á báðum stöðum. Staðgöngumæðrun er óheimil í öllum löndum Norðurlanda en við berum okkur gjarnan saman við þau lönd og viljum bjóða upp á sambærilega heilbrigðisþjónustu og þar er að finna.

Niðurstaða.

1. Í ljósi hinna margþættu álitamála er varða staðgöngumæðrun er mælt með að staðgöngumæðrun verði áfram óheimil á Íslandi.
2. Efla þarf aðstoð við barnlaust fólk með því að auðvelda ættleiðingar, bæði innanlands og erlendis frá.

Virðingarfyllst,



Hildur Harðardóttir
yfirlæknir Kvenna- & barnasvið LSH
dósent læknadeild HÍ